

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

1. gr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum sem gerð hafa verið og verða gerð á veitusvæði hitaveitunnar eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. reglugerð um hitaveitu og hitalagnir Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

2. gr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. lætur hverju húsi sem tengt er veitukerfi hennar í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. og hitaflatir séu nægjanlega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annarra nota en hitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. lætur notanda í té vatnsmagn samkvæmt 1. og 2. gr. um rennismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. lætur notanda í dreifbýli í té vatnsmagn samkvæmt 4. gr. um hemil sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Hemill þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli hemilsins.

4. gr.

Hitaveitugjöld fyrir þéttbýli.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er sem hér segir:

Heitt vatn um rennismæli:

- | | |
|--------------------------------------|-----------|
| 1. Fyrir hvern rúmmetra vatns | kr. 91 |
| 2. Hver rúmmetri vatns frá kyndistöð | kr. 181 |
| 3. Afgreiðslugjald frá kyndistöð | kr. 1.250 |

Fast gjald er háð afköstum rennismælisins, en óháð töxtum að öðru leyti.

Því er skipt í fjóra flokka.

A: 15 mm	12.058 kr./ár
B: 20 mm til 25 mm	27.201 kr./ár
C: 32 mm til 50 mm	57.263 kr./ár
D: 65 mm og stærri	79.728 kr./ár

Hitaveitugjöld fyrir dreifbýli.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu í dreifbýli þar sem tæknilegar og fjárhagslegar forsendur leyfa.

1. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra kr. 1.796. Lágmarksstilling á hemli er 3 lítrar/mín.
 2. Neysluvatn, eftir rennismæli, kr. 84 fyrir hvert tonn (m³), þar sem er hemill.
 3. Aukamælir, sami notandi, kr. 71 fyrir hvert tonn (m³).
- Fast gjald á ári er kr. 15.881.

5. gr.

Þegar afnot af hitaveitunni eru leyfð til annarra nota en húshitunar, er veitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin mánaðarlega. Lesið verður af mælum að jafnaði einu sinni á ári, en notkun þess á milli áætluð. Heimilt er að fækka eða fjölga álestrum. Óski notandi þess að lesið sé af mæli hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar greiðist álestrargjald kr. 1.400.

7. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd á eindaga.

8. gr.

Heimæðargjöld hitaveitunnar til húshitunar skulu miðast við brúttórúmmál húss skv. byggingarreglugerð og vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Heimæðargjöld í þéttbýli.

Sverleiki pípu mm	Heimæðargjald kr.	Viðmiðunar stærðir húsnæðis m ³
20	214.657	Allt að 1.200
25	347.505	1.200 – 2.600
32	531.870	2.600 – 4.000
40	774.255	4.000 – 10.400
50	1.132.255	10.400 – 21.000

Ef um sverari heimæðar er að ræða skal semja um það sérstaklega.

Heimæðargjöld í dreifbýli.

Sverleiki pípu mm	Heimæðargjald kr.	Viðmiðunar stærðir húsnæðis m ³
20-25	620.972	Allt að 1.200
32-40	877.600	1.200 – 2.600

Ef um sverari heimæðar er að ræða skal semja um það sérstaklega.

Lengdargjald.

Lengdargjald í þéttbýli, greitt skal fyrir hvern metra umfram 25 metra innan lóðarmarka, kr./m 3.800.

Lengdargjald í dreifbýli, greitt er frá stofnlögn að tengistað heimtaugar að frádragnum 50 metrum, kr./m 3.800.

Nú eru fleiri en eitt hitakerfi í húsi með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 24.392 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

Sé sameiginleg heimæð lögð í parhús þó þannig að lögnin sé klofin utan við útvegg og sérstök tengigrind komi í hvora íbúð skal greiða kr. 72.035 í aukagjald.

Ef um er að ræða atvinnuhúsnæði sem hitað er upp að hluta er heimilt að fella niður heimæðargjald af þeim hluta hússins sem ekki er hitaður. Verði breyting á starfsemi í slíku húsi þannig að farið verði að hita það allt upp þá er allt heimæðargjaldið gjaldfallið skv. gjaldskrá þess tíma sem breytingin á sér stað.

9. gr.

Heimæðargjald skal greitt samkvæmt gjaldskrá. Eigandi fær upplýsingar um heimæðargjald eftir að umsókn um heimæð hefur borist. Heimæðargjald skal greitt áður en vinna við lagningu hefst.

10. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari í samræmi við breytingar á áður-nefndri vísitölu, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

11. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

12. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Séu fleiri en einn notandi í húsi með sameiginlega heimtaug og hitakerfi skerðir það ekki rétt hitaveitunnar til að loka fyrir aðrennsli heita vatnsins ef einn þessara aðila vanrækir greiðslur þó reikningum sé skipt á notendur.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Innheimtugjald vegna vanskila notanda er kr. 1.794. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur, kr. 3.472 í hvert sinn.

13. gr.

Einungis starfsmönnum hitaveitunnar er heimilt að breyta innsigliðum tengihlutum veitunnar. Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er heimill aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

14. gr.

Virðisaukaskattur og orkuskiptur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. nóvember 2010 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 415/2009.

Iðnaðarráðuneytinu, 29. október 2010.

F. h. r.

Guðjón Axel Guðjónsson.

Ásdís Elva Rögnvaldsdóttir.